


Félagsbúið Vogum 1, Vogafjós  
Ólöf Þ Hallgrímsdóttir  
Vogum 1  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. febrúar 2013  
Tilvísun: UST20130200161/mik

## Efni: Viðbyggingar við Vogafjós

Vísað er til erindis Ólafar Hallgrímsdóttur dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er eftir leyfi til viðbyggingar við Vogafjós. Í erindinu kemur fram að ekki sé um að ræða stækkan á rekstri Vogafjóss, heldur bætta aðstöðu fyrir starfsfólk, auk geymslurýmis og skrifstofur ásamt tilfærslu á mjólkurhúsi til hagræðingar vegna ostagerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að umrædd viðbygging muni standa alveg við mörk verndarsvæðis Mývatns og Laxár skv. lögum 97/2004 og mun hluti hennar að öllum líkindum vera innan verndarsvæðisins. Því skuli sækja sérstaklega um leyfi til byggingarinnar skv. 3. grein laga nr. 97/2004 þar sem fram kemur að óheimilt sé að valda spjöllum eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði innan verndarsvæðisins og að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á svæðinu. Þó skuli heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. Ekki liggur fyrir staðfest skipulag sveitarfélagsins fyrir umrætt svæði og því skal sækja leyfi sérstaklega til Umhverfisstofnunar fyrir umræddri framkvæmd.

Umhverfisstofnun fékk til umsagnar frá Skútustaðahreppi 29. október sl. grenndarkynningu vegna ofangreindar viðbyggingar við Vogafjós, 8m til vesturs. Stofnunin óskaði eftir álti Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og gerir rannsóknarstöðin ekki athugasemdir við bygginguna. Að mati Umhverfisstofnunar er um að ræða óverulega stækkan á þeim mannvirkjum sem fyrir eru og gerði stofnunin því ekki athugasemdir við breytingar á húsinu.

Umhverfisstofnun óskaði eftir viðbótarupplýsingum dags. 21. febrúar sl. um stærð rotþróar sem notuð yrði vegna stækunarinnar. Samkvæmt svari sem barst 25. febrúar sl. er um að ræða stækkan á 3ja hólfu rotþró sem nú þegar er til staðar.

Umhverfisstofnun veitir leyfi sitt til umræddrar viðbyggingar með eftirfarandi skilyrðum:

- Skólp skal vera hreinsað með ítarlegri heinsun en tveggja þrepa skv. 24. gr. reglugerðar nr 665/2012.
- Tilkynna ber til sérfræðings Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit, Soffíu Helgu Valsdóttur, s: 822 4039, þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.

- Stofnunin mun sinna eftirliti með framkvæmdum.

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

Virðingarfyllst

  
Soffía Helga Valsdóttir  
Sérfræðingur